



Reykjavík, 24. september 2026

MSS26080081

hsg

Hér með sendist útskrift úr fundargerð forsætisnefndar frá 22.9.2026 varðandi eftirfarandi mál:

Breytingar á samþykkt skóla- og frístundaráðs

Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 18. september 2026, þar sem óskað er eftir að forsætisnefnd vísi endanlegri tillögu að nýrri samþykkt skóla- og frístundaráðs til umsagnar ráðsins, ásamt fylgiskjöllum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins leggja fram svohljóðandi breytingartillögu:

Lögð er til svohljóðandi breyting á 2. mgr. 5. gr. tillögu að samþykkt skóla- og frístundaráðs 2. mgr. 5. gr. hljómar svo: Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Fulltrúi stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna eiga einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Lagt er til að 2. mgr. 5. gr. verði svohljóðandi: Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla.

Greinargerð fylgir breytingatillögunni.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi breytingartillögu:

2. mgr. 5. gr. hljómar svo: Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Fulltrúi stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna eiga einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Lagt er til að 2. mgr. 5. gr. verði svohljóðandi: Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Fulltrúi stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva, fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna og fulltrúi Samtaka sjálfstæðra skóla eiga einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.





Áheyrnarfulltrúi Vinstrisins leggur fram svohljóðandi frestunartillögu:

Lagt er til að afgreiðslu á samþykkt skóla- og frístundaráðs úr forsætisnefnd verði frestað þar til búið er að leggjast yfir breytingartillögu meirihlutans varðandi áheyrnarfulltrúa. Mikilvægt er að fá fram t.d. greiningu á kostnaði við að kalla inn fulltrúa og undir hvaða viðmiðum slíkt yrði gert.

Frestunartillagan er felld með þremur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins gegn atkvæði fulltrúa Vinstrisins. Fulltrúi Samfylkingarinnar situr hjá við afgreiðslu málsins.

Tillögu að nýrri samþykkt skóla- og frístundaráðs ásamt breytingartillögum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins og fulltrúa Miðflokksins er vísað til umsagnar skóla- og frístundaráðs.

Fulltrúi Vinstrisins situr hjá við afgreiðslu málsins. MSS26080081

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar frístundaheimila og félagsmiðstöðva og Reykjavíkurráðs ungmenna sinna mikilvægu starfi inni í skóla- og frístundaráði, þau styðja við aukna lýðræðislega þátttöku, opnara samtal, samræmingu og hagsmunagæslu. Því er harðlega gagnrýnt að fjarlægja sæti þessara fulltrúa. Með þessari breytingartillögu fellur tillöguréttur og málfrelsi þessara fulltrúa sem hafa fjölbreytta innsýn í skóla- og frístundamál, niður. Ef þeir verða aðeins boðaðir að sitja fund undir liðum sem varða þá sérstaklega skapast aukið rof milli hagsmunaaðila. Dregur þessi ákvörðun jafnframt úr lýðræðislegri þátttöku ungmenna og minnkar vægi frístundastarfs. Ný samþykkt skóla- og frístundaráðs fyrir þessar breytingar fór í gegnum skóla- og frístundaráð þar sem samþykktin var kynnt, meirihlutinn lét ekki í ljós sín áform á þeim tímapunkti. Ekki sést neinn ágóði í því að fjarlægja fulltrúana úr skóla- og frístundaráði. Nú mun breytingartillaga fara til umsagnar í ráðinu og vona ég að meirihlutinn endurskoði þessa tillögu.

Áheyrnarfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands leggur fram svohljóðandi bókun:

Áheyrnarfulltrúar frístundaheimila og félagsmiðstöðva og Reykjavíkurráðs ungmenna sinna mikilvægu starfi inni í skóla- og frístundaráði, þau styðja við aukna lýðræðislega þátttöku, opnara samtal, samræmingu og hagsmunagæslu. Því er harðlega gagnrýnt að fjarlægja sæti þessara fulltrúa. Með þessari breytingartillögu fellur tillöguréttur og málfrelsi þessara fulltrúa sem hafa fjölbreytta innsýn í skóla- og frístundamál, niður. Ef þeir verða aðeins boðaðir að sitja fund undir liðum sem varða þá sérstaklega skapast aukið rof milli hagsmunaaðila. Dregur þessi ákvörðun jafnframt úr lýðræðislegri þátttöku ungmenna og minnkar vægi frístundastarfs. Ný samþykkt skóla- og frístundaráðs fyrir þessar breytingar fór í gegnum skóla- og frístundaráð þar sem samþykktin var kynnt, meirihlutinn lét ekki í ljós sín áform á þeim tímapunkti. Ekki sést neinn ágóði í því að fjarlægja fulltrúana úr skóla- og frístundaráði. Nú mun breytingartillaga fara til umsagnar í ráðinu og vona ég að meirihlutinn endurskoði þessa tillögu.



Reykjavík



Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:

Tillaga að nýrri samþykkt skóla- og frístundaráðs

Breytingartillaga fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins með greinargerð



Forsætisnefnd

Reykjavík, 18. september 2026

MSS26080081

Ný samþykkt skóla- og frístundaráðs

Á fundi forsætisnefndar dags.4. september sl. voru lögð fram drög að nýrri samþykkt skóla- og frístundaráðs. Eftir yfirferð skóla- og frístundasviðs voru endurskoðuð drög kynnt á fundi ráðsins 14. september sl.

Nú liggur fyrir endanleg tillaga að nýrri samþykkt og er óskað eftir því að forsætisnefnd vísi henni til umsagnar skóla- og frístundaráðs.

Virðingarfyllst,
Helga Björk Laxdal
Skrifstofustjóri borgarstjórnar

Hjálagt: Tillaga að nýrri samþykkt skóla- og frístundaráðs



Reykjavík

Samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar

Umboð

1. gr.

Skóla- og frístundaráð starfar í umboði borgarráðs með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019 með síðari breytingum og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Verksvið

2. gr.

Skóla- og frístundaráð skal móta stefnu í menntamálum barna í grunnskólum Reykjavíkurborgar og frístundastarfi barna og ungmenna. Skóla- og frístundaráð tekur ákvarðanir og gerir tillögur til borgarráðs hvað varðar verksvið þess. Skóla- og frístundaráð fer ásamt leikskóla- og daggæsluráði með eftirlit með rekstri skóla- og frístundasviðs og að samþykktum og stefnumörkun Reykjavíkurborgar á verksviði ráðsins sé fylgt og fylgist með gæðum skóla- og frístundastarfs og annars starfs á verksviði þess. Þá fer ráðið með önnur þau verkefni sem borgarráð ákveður.

Skóla- og frístundasvið annast framkvæmd stefnu og verkefna ráðsins og samskipti við aðrar stofnanir borgarinnar.

Verkefni

3. gr.

Skóla- og frístundaráð fer m.a. með eftirtalin verkefni á sviði skóla- og frístundamála:

1. Gerir tillögur til borgarráðs um stefnu Reykjavíkurborgar í skóla- og frístundastarfi.
2. Hefur eftirlit með að ákvæði laga og reglugerða séu uppfyllt, þ.m.t. ákvæði laga um grunnskóla nr. 91/2008 og reglugerða, sem settar eru á grundvelli þeirra og gerir tillögur til borgarráðs um úrbætur.
3. Fylgir því eftir að öll skólaskyld börn, sem rétt eiga á skólavist í Reykjavík, njóti lögboðinnar fræðslu.
4. Fylgist með framkvæmd náms og kennslu í Reykjavík og gerir tillögur til skólastjóra og/eða borgarráðs um umbætur í skólastarfi. Staðfestir starfsáætlanir grunnskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva ár hvert og skólanámskrá einstakra grunnskóla.
5. Fylgist með og stuðlar að því að nemendum, og skólum og börnum í starfi frístundaheimila og félagsmiðstöðva sé tryggður aðgangur að skóla- og frístundapjónustu.
6. Hefur eftirlit með rekstri og starfi grunnskóla, -, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og skólahljómsveita Reykjavíkurborgar. Hefur eftirlit á grundvelli laga og þjónustusamninga með sjálfstætt starfandi grunnskólum, tónlistarskólum og öðrum skólum sem njóta fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.
7. Gætir þess að grunnskólar, frístundaheimili, félagsmiðstöðvar, og skólahljómsveitir á vegum borgarinnar búi við fullnægjandi húsnæði og að annar aðbúnaður sé fyrir hendi.
8. Gerir tillögur til borgarráðs um stofnun og staðsetningu starfseininga á vegum sviðsins.
9. Fylgir eftir framkvæmd 47. gr. laga um framhaldsskóla, nr. 92/2008, varðandi stofnun og byggingu framhaldsskóla í Reykjavík.
10. Gerir tillögur til borgarráðs um þjónustugjöld.
11. Gerir tillögur til borgarráðs um fjárframlög til sjálfstætt starfandi rekstraraðila grunnskóla og tónlistarskóla og hefur frumkvæði að gerð reglna og samninga þar um.
12. Stuðlar að tengslum og samstarfi milli leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, frístundaheimila, félagsmiðstöðva, skólahljómsveita og tónlistarskóla í samstarfi við leikskóla- og daggæsluráð.
13. Skipar fulltrúa Reykjavíkurborgar í skólanefndir/stjórnir tónlistarskóla, sbr. 3. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Skóla- og frístundaráð fer með verkefni skólanefndar skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Ágreiningi um hvort tiltekið erindi eigi undir ráðið ber að vísa til borgarráðs.

4. gr.

Skóla- og frístundaráð skal ávallt í störfum sínum fylgja öllum stefnumarkandi og almennum samþykktum borgarstjórnar og borgarráðs.

Skipan

5. gr.

Skóla- og frístundaráð er skipað sjö fulltrúum kjörnum af borgarstjórn og jafnmörgum til vara. Borgarstjórn kys formann og skal hann vera borgarfulltrúi. Ráðið kys sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og borgarstjórnar.

Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Fulltrúi stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna eiga einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Skóla- og frístundaráð getur í sérstökum tilfellum skipað undirnefndir, stýri- eða starfshópa til að fjalla um afmarkaða málaflokka eða verkefni í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar um starfs- og stýrihópa. Slíkum nefndum og hópum skal setja erindisbréf þar sem skilgreind eru helstu verkefni og starfinu sett tímamörk. Tilkynna skal um skipan allra undirnefnda, stýri- og starfshópa til borgarráðs.

Verkstjórn og verkaskipting

6. gr.

Formaður skóla- og frístundaráðs er í forsvari fyrir ráðið um stefnumótun og ákvarðanir þess, eftir því sem við á, og hefur ásamt öðrum fulltrúum í ráðinu eftirlit með framkvæmd mótaðrar stefnu í málaflokknum.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins og rekstri og stjórnsýslu sviðsins og stofnana er undir það heyra, þ.m.t. að fjármál og starfsmannamál séu innan heimilda og í samræmi við stefnu borgaryfirvalda.

Boðun funda og fundarsköp

7. gr.

Skóla- og frístundaráð heldur að jafnaði tvo fundi í mánuði. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Komi fram ósk þriggja fulltrúa um fund í ráðinu ber að verða við því. Fella má niður fundi í alls tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður boðar til funda, ákveður dagskrá í samráði við sviðsstjóra og stýrir fundum ráðsins. Á dagskrá skulu m.a. tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin verði þar fyrir, enda séu þau á verksviði ráðsins. Reglulegir fundir skulu boðaðir með a.m.k. tveggja sólarhringa fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði auk þess sem birta skal hana á opnum vef Reykjavíkurborgar ásamt fundargögnum. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint á útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar, sé þess óskað. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, eftir því sem við á.

Sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs situr fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Þá getur ráðið boðað til fundar einstaka starfsmenn Reykjavíkurborgar, sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundaskipulag og ritun fundargerða

8. gr.

Ráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til borgarráðs jafnóðum. Um ritun fundargerða fer eftir leiðbeiningum innanríkisráðuneytisins um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 15. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013, og verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráð Reykjavíkurborgar.

Skóla- og frístundasvið sér um skrifstofuhald fyrir skóla- og frístundaráð og leggur því til fundarritara. Í upphafi árs skal kynna fundadagatal ráðsins. Þar komi m.a. fram tímasetning fundar til undirbúnings starfs- og fjárhagsáætlunar og yfirferðar ársfjórðungsuppgjöra, ásamt tímasetningu opinna funda og samráðsfunda með hagsmunaaðilum eftir því sem við á.

Samráð

9. gr.

Skóla- og frístundaráð ber ábyrgð á upplýsingamiðlun og samráði við foreldra, íbúa, félagasamtök og aðra hagsmunaaðila sem tengjast verkefnum ráðsins. Auk lögbundins samráðs skal skóla- og frístundaráð leita umsagna eða annars samráðs þegar við á og efni mála gefa tilefni til. Við undirbúning veigamikillar stefnumótkunar til langs tíma skal leggja fram í ráðinu sérstaka áætlun um hvernig haga á samráði við stefnumótun.

Skóla- og frístundaráði ber að halda a.m.k. einn opinn fund á ári og skal dagskrá hans og fyrirkomulag kynnt með góðum fyrirvara, m.a. fyrir kennurum, foreldum, borgarfulltrúum, öðrum samstarfsaðilum og samtökum sem starfa að skóla- og frístundamálum í borginni.

Fjármál

10. gr.

Skóla- og frístundaráð fær fjárhagsramma ásamt leikskóla- og daggæsluráði vegna verkefna sem undir það heyra og felur sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að vinna starfsáætlun og tillögur í frumvarp að fjárhagsáætlun í samræmi við stefnumótun og forgangsroðun ráðsins.

Ráðið afgreiðir starfsáætlun og hefur eftirlit með að tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun séu í samræmi við starfsáætlun og mótaða stefnu.

Tillögur um breytingar á rekstri sem leiða til breytinga á gjaldskrá eða þjónustu skal sérstaklega skýra og rökstyðja. Formaður ráðsins og sviðsstjóri kynna borgarráði starfsáætlun og tillögur í frumvarpi að fjárhagsáætlun.

Ráðningar

11. gr.

Borgarráð ræður sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs að fenginni tillögu borgarstjóra, til fimm ára í senn. Sviðsstjóri ræður skólastjóra grunnskóla og í aðrar stjórnunarstöður á skóla- og frístundasviði. Deildarstjórar frístundastarfs ráða forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva. Forstöðumenn frístundaheimila og félagsmiðstöðva og skólastjórar ráða annað starfsfólk í frístundaheimili, félagsmiðstöðvar og grunnskóla eftir því sem við á.

Málsmeðferð

12. gr.

Við undirbúning mála og stjórnvaldsákvarðanir skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Óski aðili máls frekari rökstuðnings eða beri hann fram kvörtun vegna afgreiðslu skóla- og frístundaráðs skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, m.a. um heimild til að óska endurupptöku stjórnvaldsákvörðunar í borgarráði með hliðsjón af skilyrðum 24. gr.

stjórnsýslulaga. Telji borgarráð að skilyrði endurupptöku séu fyrir hendi skal skóla- og frístundaráð taka málið upp að nýju.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast í samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar.

Samþykkt þessi tekur þegar gildi og fellur þá úr gildi samþykkt fyrir skóla- og frístundaráð Reykjavíkurborgar frá 18. júní 2019 með síðari breytingum.

Samþykkt í borgarstjórn

XX. október 2026



Forsætisnefnd

Reykjavík, 21. september 2026

Breytingartillaga forsætisnefndarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins. Viðreisnar og Framsóknarflokksins við tillögu að samþykkt skóla- og frístundaráðs.

Lögð er til svohljóðandi breyting á 2. mgr. 5. gr. tillögu að samþykkt skóla- og frístundaráðs

2. mgr. 5. gr. hljómar svo:

Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla. Fulltrúi stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna eiga einnig rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt.

Lagt er til að 2. mgr. 5. gr. verði svohljóðandi:

Fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum eiga rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétt í samræmi við ákvæði laga um grunnskóla.

Greinargerð:

Lagt er til að áheyrn í skóla- og frístundaráði sé bundin við lögbundna áheyrnarfulltrúa samkvæmt lögum um grunnskóla þ.e. að fulltrúar skólastjóra, kennara og foreldra í grunnskólum sitji fundi ráðsins. Gert er ráð fyrir að fulltrúi stjórnenda frístundaheimila og félagsmiðstöðva og fulltrúi Reykjavíkurráðs ungmenna verði boðaðir til að taka sæti á fundunum undir þeim liðum sem varða þá sérstaklega.



Reykjavík

